

L Ö G

7
16. maí

um

breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921,
um tekjuskatt og eignarskatt.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Við útreikning á tekjuskatti innlendra hlutafjelaga samkvæmt 7. gr.
laganna skal farið eftir þessum reglum:

- a. Við ákvörðun hlutfallsins milli skattskyldra tekna og hlutfjár skal með
innborguðu hlutfaje telja varasjóð þann, sem fjelaginu kann að hafa safn-
ast af arði, sem lagður hefir verið til hliðar í því skyni, eins og sá sjóður
var í byrjun næsta reikningsárs á undan niðurjöfnuninni.
- b. Ef nokkuð af ársarði fjelagsins er lagt í varasjóð, þá er $\frac{1}{3}$ hluti þeirrar
upphæðar undanþeginn tekjuskatti, og skal koma til frádráttar við ákvörð-
un skattskyldra tekna. Ef nokkur upphæð úr varasjóði síðar er notuð til
úthlutunar til hluthafa, eða á annan hátt notuð í einhverjum þeim tilgangi,
sem ekki var tilætluin þegar varasjóðurinn myndaðist, þá skal telja helm-
ing þeirrar upphæðar, sem þannig er ráðstafað, til skattskyldra tekna fje-
lagsins á því ári.
- c. Sem varasjóð samkvæmt a.- og b.-lið má ekki telja eftirlaunasjóði, arðjöfn-
unarsjóði eða aðra slíka sjóði, sem eru ekki beinlínis atlaðir til þess að
tryggja fjárhag fyrirtækisins sjálfs.
- d. Reglurnar í þessari grein koma í fyrsta skifti til framkvæmda við ákvörð-
un tekjuskatts árið 1925.

2. gr.

Með konunglegri tilskipun má undanþiggja þá menn, er starfa er-
lendis í þjónustu hins íslenska ríkis, tekjuskatti að nokkru eða öllu af laun-
um þeim, er þeim eru greidd hjeðan fyrir starfið.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samning við stjórn Danmerkur um
gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti og sveitargjöldum þeirra ís-

7 16. maí lenskra og danskra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum í báðum ríkjum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 16. maí 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Þorláksson.

8
27. maí

L Ö G

um

framleuing á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir orðunum „20% af innkaupsverði þeirra vara“ í 1. málsg. 1. greinar laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, kemur: nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

A. Með 30% stimplast eftirtaldar vörur: Andlitssmyrsl. Blóm, tilbúin. Dúnn. Eirvörur. Fiður. Fiskmeti, nýtt, saltað, hert, reykt eða niðursoðið. Floshattar. Flugeldar og flugeldaefni. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Glysvarningur og leikföng allskonar. Gullsmíðis- og silfursmíðisvörur. Hársmyrsl. Hnetur. Ilmvötn og hárvötn, sem ekki falla undir lög nr. 41, 27. júní 1921. Jólátrjesskraut. Kaffibrauð allskonar, annað en kex. Kniplingar. Lakkrís. Lakkskór. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Makrónudeig. Marsípan. Myndabækur. Myndarammar. Nikkelvörur. Nýsilfur-